

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) haldinn að Borg, miðvikudag 11. febrúar 2026, kl. 12:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps,
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Fjóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fundargerðina ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. TRÚNAÐARMÁL – fært í trúnaðarmálabók.

2. Þjónusta á starfssvæði SVÁ.

Á fundi stjórnar SVÁ þann 24. september 2025 var samþykkt af stjórn SVÁ að starfsmönnum væri ekki heimilt að skipuleggja eða veita þjónustu til aðila sem eru með ótilgreint lögheimili og að forsendur fyrir þjónustu SVÁ væri skráning lögheimilis í íbúðarhúsnæði.

Stjórn samþykkir að SVÁ muni veita þjónustu til allra barna og ungmenna yngri en 18 ára óháð búsetuformi þeirra. Þjónusta til annarra íbúa er skrásettir eru ótilgreindir í hús er háð samþykki viðkomandi sveitarfélags.

3. Bókanir sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga vegna tillögu stjórnar um tímabundna ráðningu forstöðumanns.

Á fundi stjórnar SVÁ þann 19. janúar s.l. var samþykkt að leggja fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga tillögu um ráðningu forstöðumanns yfir SVÁ. Öll sveitarfélög nema eitt hafa samþykkt tillögunu.

Lagt fram til kynningar ásamt þeim bókunum gerðar voru.

4. Eftirlit með barnavernd á starfssvæði SVÁ .

Stjórn samþykkir samhljóða að fela deildastjóra velferðarþjónustu að taka saman upplýsingar um stöðu barnaverndar. Sérstaklega er hér óskað eftir upplýsingum um fjölda fósturheimila og fósturforeldra sem starfrækt eru á okkar starfssvæði ásamt því lagðar verði fram upplýsingar um fjölda barna sem vistuð eru á okkar vegum hjá fósturfjölskyldum og hvort eftirlit með þeim séu í samræmi við lög og reglur.

5. Undanþága vegna barnaverndar - næstu skref

Erindi var sent í október 2025 til Hveragerðisbæjar þar sem óskað var eftir því að barnaverndarþjónusta SVÁ fengi að verða hluti af sameiginlegri barnaverndarþjónustu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss en skv. lögum má engin barnaverndarþjónusta vera rekin með færri en 6000 íbúa að baki sér. Svar hefur nú borist þar sem segir að þar sem það hefur reynst Hveragerðisbæ mikil áskorun að byggja upp málaflokk velferðarmála og þar með talið barnaverndarmála eftir að Hveragerðisbær dró sig út úr Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs þá sjái Hveragerðisbær sér ekki fært að verða við beiðninni. Undanþága SVÁ frá umræddu íbúamarki gildir til 15. mars 2026.

Stjórn samþykkir samhljóða að fela formanni að óska eftir lengri undanþágu frá íbúafjöldamarkinu þar sem svar barst mjög seint við erindi okkar. Formanni og deildarstjóra velferðarþjónustu er falið að vinna áfram að því að finna samstarfsaðila á sviði barnaverndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:11